FUNDARGERÐ 475. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 9. desember 2022. Fundurinn er settur klukkan 07:38. Fundurinn er staðfundur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Orri Hlöðversson og Ragnhildur Jónsdóttir í fjarveru Svönu Helenar Björnsdóttur.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri sækir staðfund.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækir fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Níu mánaða árshlutauppgjör SORPU bs

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir níu mánaða uppgjöri SORPU.

Guðfinnur Sigurvinsson sækir fund klukkan 07:41 undir þessum lið.

Umræður eru í kjölfar kynningar.

2. Samningur um þjónustu og gjaldtöku í Bolaöldum

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu viðræðna um framhald á rekstri SORPU á jarðvegstippnum við Bolaöldur. Gert ráð fyrir að SORPA taki að sér tiltekna verkþætti í rekstrinum en rekstraraðili staðarins haldi starfsleyfi.

Umræður eru í kjölfar kynningar.

3. Staðan á gerð nýs eigendasamkomulags um áframhaldandi urðun í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri gerir grein stöðu urðunar í Álfsnesi.

Umræður eru í kjölfar kynningar.

Orri Hlöðversson víkur af fundi klukkan 08:36.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐFINNUR GUÐJÓN SIGURVINSSON
Kennitala: 190878-4069
2022-12-28 18:41:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2139
2023-01-12 21:53:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 161066-4869
2022-12-09 12:45:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 141179-3659
2022-12-15 15:13:56 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2022-12-16 07:43:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR
Kennitala: 071076-4829
2022-12-16 09:42:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

4. Staðan á fjármögnun Lambhagavegar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu fjármögnunar á uppbyggingu endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg.

Umræður eru í kjölfar kynningar.

5. Staðan á gallamálum er tengjast GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á gallamálum í GAJU.

Umræður eru í kjölfar kynningar.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri ber upp eftirfarandi önnur mál:

Á aðalfundi SSH sem fram fór 18. nóvember sl. lagði Kjartan Magnússon fram eftirfarandi fyrirspurn, fyrir sína hönd og Mörtu Guðjónsdóttur, Björns Gíslasonar, Helga Áss Grétarssonar og Þorkels Sigurlaugssonar, borgarfulltrúa í Reykjavík, undir liðnum önnur mál:

> *Fyrirspurn um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs.: Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu. Óskað er vinsamlegast eftir því að þar verði gerð grein fyrir öllum kostnaði, sem fallið hefur til vegna stöðvarinnar, þ.m.t. kostnaði vegna galla, málaferla, viðgerðar og endurbóta, sem gerðar hafa verið á stöðinni eftir opnun hennar.*

Framangreint var tekið til umræðu á 547. fundi stjórnar SSH hinn 5. desember sl. og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

> *208012 - Aðalfundur SSH 2022 Fyrirliggjandi er fundargerð aðalfundar SSH 2022. Á fundinum voru lagðar fram tvær fyrirspurnir, annars vegar varðandi Klapp-kerfi Strætó bs., og hins vegar varðandi kostnað við byggingu GAJU. Er gerð tillaga um að umræddum fyrirspurnum verði vísað annars vegar til stjórnar Strætó bs. og hins vegar til stjórnar Sorpu bs. Er skrifstofu SSH falið að senda umræddar fyrirspurnir til stjórnar Strætó bs. annars vegar og stjórnar Sorpu bs. hins vegar.*

Á grundvelli framanritaðs er ofangreind fyrirspurn send stjórn Sorpu bs. og þess beiðst að svör við henni berist skrifstofu SSH, á netfangið ssh@ssh.is eins fljótt og unnt er.

Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni.

Erindi frá Orkugerðinni um boð um að kaupa hlutafé í Orkugerðinni lagt fram og rætt. Stjórn SORPU afþakkar boð um kaup á hlutafé í Orkugerðinni.

Erindi frá Carbfix um uppbyggingu í Straumsvík lagt fram til kynningar. Stjórn ákvað að kalla eftir frekari kynningu á áformum CarbFix í Straumsvík við fyrsta tækifæri.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

7. Næsti fundur

Næsti fundur er ákveðinn síðar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:10.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026